

## **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflakks, Flakks fólksins og Vinstri grænna um fræðslu- og öryggisnámskeið fyrir starfsfólk í eldhúsum**

Borgarstjórn samþykkir að boðið verði upp á fræðslu- og öryggisnámskeið um rétta meðhöndlun og öryggi matvæla og yrði þátttaka í því skilyrt fyrir allt starfsfólk sem ráðið er til starfa í eldhúsum Reykjavíkurborgar og í sjálfstætt reknum stofnunum sem gera þjónustusamninga við borgina. Einnig myndu námskeiðin ávarpa næringarfræði og matreiðslu á grænmetis- og ofnæmisfæði.

### **Greinargerð:**

Örugg og næringarrík matvæli skipta miklu máli þegar kemur að velferð og vellíðan barna og fullorðinna. Reykjavíkurborg býður nú upp á gjaldfrjálsar máltíðir í grunn- og leikskólum og því skiptir miklu máli að taka enn betur utan um þennan málaflokk. Að sama skapi er góð næring lykilatriði þegar kemur að heilsu eldra fólks.

Í kjölfar þeirrar alvarlegu matareitrunar sem upp kom í leikskólanum Mánagarði fyrir nokkrum mánuðum síðan sem hafði alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu barna er vilji til að draga lærdóm af málinu og bæta öryggis- og gæðuferla til að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig. Tryggja verður öryggi og rétta meðhöndlun og meðferð matvæla með skilvirkri fræðslu. Skyldunámskeið myndi vera liður í að mæta þeirri þörf.

Öryggisnámskeið af þessum toga auk almennari fræðslu um matseld var haldið á vegum Reykjavíkurborgar árið 2022. Í framhaldi af því námskeiði kom fram að það hefði tekist vel þrátt fyrir rýra mætingu en að það þyrfti að auglýsa betur næst og tryggt sé fjármagn til að manna afleysingar fyrir starfsfólk sem ber að sækja námskeiðið. Áhersla er því lögð á að námskeiðið sé skyldunámskeið svo tryggt sé að öll hafi lágmarksþekkingu á viðfangsefninu.